



Öryggisblað (SDS)

Samkvæmt reglugerð Nr. 888/2015 (EB reglugerð 1907/2006 REACH)

1. Auðkenning efnisins eða blöndunnar og félagsins eða fyrirtækisins

1.1 Vörukenni:	Myglueyðir		
Vörunúmer:	- UFI-X800-M0AJ-500K-TT09		
1.2 Viðeigandi og tilgreind notkun efnis eða blöndu og notkun sem ráðið er frá:			
Viðeigandi notkun	Sóttthreinsir.		
Notkun sem ráðið er frá	Engar upplýsingar fyrirbyggjandi.		
1.3 Söluaðili:	MOSEY ehf Cuxhavengata 1 220 Hafnarfjörður Sími: 8658076 Netfang: mosey@mosey.is Veffang: www.mosey.is	Framleiðandi:	MOSEY ehf Cuxhavengata 1 220 Hafnarfjörður Sími: 8658076 mosey@mosey.is www.mosey.is
1.4 Neyðarsímanúmer:	Eitrunarmiðstöð LSH veitir upplýsingar allan sólarhringinn um viðbrögð við slysum með hættuleg efni. Sími 543 2222. Neyðarlínan, lögregla, slökkvilið, sjúkraflutningar; sími 112.		

2. Hættugreining

2.1 Flokkun efnisins eða blöndunnar:	Flokkun skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):		
	H315	Veldur húðertingu	Húðert.2
	H317	Getur valdið ofnæmisviðbrögðum húð	Húðnæm.1
	H319	Veldur alvarlegri augnertingu	Augnert.2
	H412	Skaðlegt lífi í vatni, hefur langvinn áhrif	Langv.eit.á vatn 3
2.2 Merkingaratriði:	Merking skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):		
Hættumerki			
Viðvörunarorð	VARÚÐ		
Hættusetningar	H315	Veldur húðertingu	
	H317	Getur valdið ofnæmisviðbrögðum húð	
	H319	Veldur alvarlegri augnertingu	
	H412	Skaðlegt lífi í vatni, hefur langvinn áhrif	
Varnaðarsetningar	P102	Geymist þar sem börn ná ekki til	
	P264	Þvoið húð vandlega eftir meðhöndlun.	
	P273	Forðist losun út í umhverfið	
	P280	Notið hlífðarhanska/augnhlífir.	
	P305+P351+P338	BERIST EFNID Í AUGU: Skolið varlega með vatni í nokkrar mínútur. Fjarlægið snertilinsur ef það er auðvelt. Skolið áfram.	
	P314	Leitið lækni ef lasleika verður vart.	
2.3 Aðrar hættur:	Varan inniheldur engin efni sem flokkast sem PBT eða vPvB. (PBT: Þrávirkt, safnast upp í lífverum, eitrað. vPvB: Afar þrávirkt, safnast mjög fyrir í lífverum).		
	Sjá einnig 11. og 15. lið.		

3. Samsetning innihaldsefna / upplýsingar um innihaldsefni

3.1 Efni:	Á ekki við
-----------	------------

3.2 Blöndur:

Dídekýlmetýlammóníum klóríð			
Skráningarnúmer ECHA	-	Innihald %	< 1
Raðnúmer	-	Varnaðarmerki:	-
EINECS, ELINECS	230-525-2	H-setningar	-
CAS	7173-51-5	Flokkun, hættumerking	-
Hættuflokkun/Hættusetningar (CLP)			
Bráð eit. 3 - H301 , Húðæt.1B - H314 , Augnskað.1 - H318 , Bráð eit.á vatn 1 - H400 , Langv.eit.á vatn 2 - H411			

Pólý(imínókarbonímídóýl-imínókarbonímídóýlimíno-1,6 hexandíýl), hýdróklóríð			
Skráningarnúmer ECHA	-	Innihald %	< 1
Raðnúmer	-	Varnaðarmerki:	-
EINECS, ELINECS	-	H-setningar	-
CAS	32289-58-0	Flokkun, hættumerking	-
Hættuflokkun/Hættusetningar (CLP)			
Bráð eit. 4 - H302 , Húðnæm.1 - H317 , Augnskað.1 - H318 , Krabb.2 - H351 , SEM-EV 1 - H372 , Bráð eit.á vatn 1 - H400 , Langv.eit.á vatn 1 - H410			

Alkýl (C12-16) dímetýlbenzýl ammóníumklóríð			
Skráningarnúmer ECHA	-	Innihald %	<1
Raðnúmer	-	Varnaðarmerki:	-
EINECS, ELINECS	270-325-2	H-setningar	-
CAS	68424-85-1	Flokkun, hættumerking	-
Hættuflokkun/Hættusetningar (CLP)			
Bráð eit. 4 - H302 , Húðæt.1B - H314 , Augnskað.1 - H318 , Bráð eit.á vatn 1 - H400			

Sjá texta H-setninga í 16. lið. Sjá flokkun efnisins í 2. lið. Takmörkunarfærðbreytur í 8. lið.

4. Ráðstafanir í skyndihjálp

4.1 Lýsing á ráðstöfunum í skyndihjálp:

Almenn viðbrögð:	Flytjið hinn slasaða af hinu mengaða svæði. Leitið læknið við vanlíðan.
Innöndun	Tryggið ferskt loft. Haldið hinum slasaða rólegum og heitum og fylgist með líðan. Varan er talin skaðlítil við innöndun við venjulega notkun.
Snerting við húð	Hreinsið húð vandlega með sápu og miklu vatni. Fjarlægið mengaðan fatnað og skó og hreinsið vandlega áður en notkun hefst að nýju. Leitið læknið við ertingu.
Snerting við augu	Skolið varlega með miklu vatni í 10 mín og haldið augum vel opnum. Fjarlægið augnlinsur fyrir skolun. Leitið læknið, sýnið öryggisblaðið.
Inntaka	Skolið munn strax og drekkið mikið vatn. Framkallið ekki uppköst. Leitið læknið séu einkenni viðvarandi. Sýnið öryggisblaðið. Reynið aldrei að koma nokkru ofan í meðvitundarlaust fólk.

4.2 Helstu skaðleg einkenni og áhrif, bæði bráð og tafir:

Almennt	Einkenni fara eftir styrk og áverkunartíma.
Snerting við húð	Veldur húðertingu.
Snerting við augu	Veldur alvarlegri augnertingu.

4.3 Upplýsingar um tafarlausa læknisumönnun og sérstaka meðferð sem þörf er á:

Meðferð sé samkvæmt einkennum.

5. Ráðstafanir vegna slökkviaðgerða

5.1 Slökkvibúnaður:

Hentugur slökkvibúnaður:	Koldíoxíð, slökkviduft, alkóhólpolín froða, vatnsúði. Kælið umbúðir með vatnsúða. Veljið slökkviefni eftir aðstæðum á brunastað og nærveru annarra efnavara.
Óhentugur slökkvibúnaður:	Beinn vatnsgeisli, getur dreift eldi.

5.2 Sérstakar hættur af völdum efnisins eða blöndunnar:

Við bruna geta myndast ertandi og eitraðar gufur, kolefnisoxíð, nitroxíð, halógensambönd.

5.3 Ráðgjöf fyrir slökkviliðsmenn:

Rýmið brunasvæði. Sjá lið 8 um persónuhlífar. Forðist innöndun reyks og gufu. Notið sjálfstæðan öndunarbúnað og fullan hlífðarfatnað. (EN 469). Hreinsið upp efni frá slökkvistarfi og mengað vatn skv. 6. lið og fargið skv. 13. lið.

6. Ráðstafanir ef efni fer óvart til spillis eða er losað fyrir slysn

6.1 Öryggisráðstafanir fyrir fólk, hlífðarbúnaður og neyðarráðstafanir:

Tryggið góða loftræstingu. Forðist innöndun og snertingu við húð og augu. Rýmið mengað svæði. Notið viðeigandi persónuhlífar og öndunarbúnað, sé loftræsting ófullnægjandi.

6.2 Varúðarráðstafanir vegna umhverfisins:

Stöðvið leka sé það unnt án áhættu. Forðist losun í niðurföll, jarðveg og vatnsumhverfi. Tilkynnið Umhverfisstofnun um mengunarslys.

6.3 Aðferðir og efni til afmörkunar og hreinsunar:

Gerið varnargarða og notið ísogsefni svo sem sand, sag og jarðveg. Setjið í þar til gerð ílát og fargið sbr. 13.lið. Tryggið góða loftræstingu.

6.4 Tilvísun í aðra liði:

Sjá liði 8. og 13.

7. Meðhöndlun og geymsla

7.1 Varúðarráðstafanir um örugga meðhöndlun:

Tryggið góða loftræstingu. Forðist innöndun og snertingu við húð og augu. Reykið ekki.

Gætið hreinlætis við meðferð efnavara. Hreinsið hendur í vinnuhléum og þegar vinnu er lokið. Geymið vöruna fjarri matvælum og dýrafóðri. Farið úr menguðum fatnaði og hlífðarbúnaði áður en komið er á svæði þar sem matar er neytt. Hreinsið vandlega áður en notkun hefst að nýju. Notið viðeigandi persónuhlífar, hanska/klæðnað, augn- og andlitshlífar.

7.2 Örugg geymsluskilyrði, þ.m.t. vegna mögulegs ósamrýmanleika:

Geymið í vel luktum upprunalegum umbúðum á köldum, þurrum, vel loftræstum stað. Geymið fjarri eld- og neistagjöfum, háu hitastigi, heitum flötum. Reykið ekki. Hlífið gegn frosti og beinu sólarljósi. Æskilegt geymsluhitastig: 35°C.

7.3 Sértek, endanleg notkun:

Sjá lið 1.2

8. Váhrifavarnir / persónuhlífar

8.1 Takmörkunarfæribreytur:

8.2 Váhrifavarnir:

Tæknileg atriði

Notið einungis á stöðum með fullnægjandi loftræstingu. Notið lokuð kerfi, punktsog eða aðrar aðferðir til að halda styrk efnisins sem lægstum. Sé þetta ekki nægilegt til að halda styrk undir viðmiðunarmörkum, ætti að nota öndunarbúnað. Það á aðeins við séu viðmiðunarmörk gefin upp í þessum lið. Hafið tiltækan búnað til hreinsunar við losun af slysn.

Hreinsið húð vandlega (andlit, hendur, handarkrika) eftir meðhöndlun efnavara, áður en nokkurs er neytt, farið er á salerni, og þegar vinnu er hætt. Gætið varúðar þegar farið er úr menguðum fatnaði. Hreinsið mengaðan fatnað vandlega áður en hann er tekinn aftur í notkun. Sjáið til þess að augnskól og sturtur séu nærri vinnusvæði. Haldið vörunni fjarri matvörum.

Persónuhlífar



Augnhlífar

Húð - hendur

Notið hlífðargleraugu af viðurkenndri gerð með hliðarvörn. (EN166).

Notið efnaþolna hlífðarhanska, t.d. úr nítrílgúmmíi. (EN374).

Notið hanska ekki lengur en 50% af uppgefnum gegnstreymistíma. Notið verndarkrem á hendur.

Athugið leiðbeiningar framleiðanda og gegnstreymistíma hanska. Skiptið oft um hanska.

Húð - annað

Mælt er með notkun langerma vinnufatnaðar (EN340).

Öndunarfæri

Almennt er ekki er þörf á notkun öndunarhlífa, notið þó sjálfstæðan öndunarbúnað við langvinna notkun, og/eða skort á loftræstingu.

9. Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar

9.1 Upplýsingar um eðlis- og efnafræðilega grunneiginleika:

Eðlisástand:	Vökvi- tær eða aðeins skýjaður
Lykt:	Einkennandi
Litur:	Litlaus/fölgulur
pH:	6,0-8,0 (óþynnt lausn)
Eðlismassi (20°C):	0,99-1,01
Leysanleiki í vatni:	Blandast í öllum hlutföllum
Sprengifimi:	Varan er ekki sprengifim
Oxandi eiginleikar:	Varan hefur ekki veið prófuð, en ekkert innihaldsefna flokkast sem slíkt

9.2 Aðrar upplýsingar:

10. Stöðugleiki og hvarfgirni

10.1 Hvarfgirni:

Stöðugt við venjulegt hitastig og notkunaraðstæður.

10.2 Efnafræðilegur stöðugleiki:

Stöðugt við venjulegt hitastig og notkunaraðstæður.

10.3 Möguleiki á hættulegu efnahvarfi:

Stöðugt við venjulegt hitastig og notkunaraðstæður.

10.4 Skilyrði sem ber að varast:

Geymið fjarri háu hitastigi, heitum flötum. Reykið ekki.

10.5 Ósamrýmanleg efni:

Engin þekkt.

10.6 Hættuleg niðurbrotsefni:

Við bruna geta myndast ertandi og eitraðar gufur.

11. Eiturefnafræðilegar upplýsingar

11.1 Upplýsingar um eiturefnafræðileg áhrif:

Bráð eiturhrif	
Innöndun	Getur reynst skaðlegt.
Snerting við húð	Veldur ertingu, roði verkir og blöðrumyndun.
Snerting við augu	Veldur alvarlegri augnertingu.
Inntaka	Getur valdið kviðverkjum.

Myglueyðir

	Gildi	Niðurstaða	Eining	Dýrateg/Aðferð	Athugasemdir
Húðæting/erting		Veldur húðertingu			
Alvarlegur augnskaði		Veldur alvarlegri augnertingu			
Næming, húð eða öndunarfæri		Getur valdið næmingu í húð			
Stökkbreytingar gerla		Flokkunarviðmið eru ekki uppfyllt			
Krabbamein		Grunað um að valda krabbameini			
Eiturhrif á æxlun		Flokkunarviðmið eru ekki uppfyllt			
Eiturhrif á marklíffæri		Flokkunarviðmið eru ekki uppfyllt			

12. Vistfræðilegar upplýsingar

12.1 Eiturhrif:

Varan getur haft áhrif á umhverfið eða líf í vatni við ætlaða notkun.

12.2 Þrávirkni og niðurbrot:

Varan hefur ekki verið prófuð:

12.3 Uppsöfnun í lífverum:

Varan hefur ekki verið prófuð:

12.4 Dreifanleiki í jarðvegi:

Varan hefur ekki verið prófuð:

12.5 PBT/vPvB:

Ekkert innihaldsefna flokkast sem slíkt.

12.6 Annað:

Ekki þekkt.

13. Förgun

13.1 Aðferðir við meðhöndlun úrgangs:

Vara	Farga skal efninu samkvæmt gildandi lögum og reglum. Úrgang af efninu skal merkja vel og koma í spilliefnamóttöku. Tæmið umbúðir vandlega. Hellið ekki í niðurföll.
Óhreinar umbúðir	Óhreinar umbúðir skal meðhöndla eins og vöruna sjálfa. Hvorki skal gata eða brenna tæmdar umbúðir.

14. Upplýsingar um flutninga

ADR:	Varan er ekki flokkuð sem hættulegur farmur.
IMDG:	Varan er ekki flokkuð sem hættulegur farmur.
IATA:	Varan er ekki flokkuð sem hættulegur farmur.

15. Upplýsingar varðandi regluverk

15.1 Sértek ákvæði/löggjöf fyrir efnið eða blönduna vegna öryggis, heilbrigðis og umhverfis:

Varan fellur undir eftirfarandi reglugerðir: 1907/2006 (REACH), 1272/2008 (CLP), Íslenskar reglugerðir 888/2015 og 415/2014 (CLP), með síðari breytingum.

15.2 Efnaöryggismat: Efnaöryggismat hefur ekki farið fram.

16. Aðrar upplýsingar

Texti allra hættusetninga sem vikið er að á þessu öryggisblaði

H301	Eitrað við inntöku
H302	Hættulegt við inntöku
H314	Veldur alvarlegum bruna á húð og augnskaða
H315	Veldur húðertingu
H317	Getur valdið ofnæmisviðbrögðum í húð
H318	Veldur alvarlegum augnskaða
H319	Veldur alvarlegri augnertingu
H351	Grunað um að valda krabbameini
H372	Skaðar líffæri við langvinn eða endurtekin váhrif
H400	Mjög eitrað lífi í vatni
H410	Mjög eitrað lífi í vatni, hefur langvinn áhrif
H411	Eitrað lífi í vatni, hefur langvinn áhrif

Útgáfa/Dags: 4 / 17.08.2023

Öryggisblað þetta er þýtt af Gunnari Þórðarsyni efnaverkræðingi.

Öryggisblað þetta er byggt á þeirri þekkingu sem fyrir liggur á útgáfudegi þess, um möguleg áhrif efnisins á heilsu, öryggi og umhverfi.

Það felur ekki í sér neina ábyrgð á efniseiginleikum og á einungis við um vöruna eins og hún kemur frá seljanda.

Það er alltaf á ábyrgð notanda vörunnar að nauðsynlegar öryggisráðstafanir séu gerðar og að þær séu í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.

Notkun vörunnar er á ábyrgð notanda. Atvinnurekendur bera ábyrgð á útgáfu notkunarleiðbeininga sem eiga við þeirra vinnuumhverfi.